



Umsögn

Efni: Tillaga um breytingu á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis
Viðtakandi: Borgarráð
Sendandi: Sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu sviðsstjóra velferðarsviðs sem lögð var fram á fundi velferðarráðs þann 21. október sl. um breytingu á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis. Tillagan er eftirfarandi:

„Lagt er til að eftirfarandi breyting verði gerð á uppbyggingaráætlun sértæks húsnæðis, sem samþykkt var í borgarráði 24. ágúst 2017:

Að íbúðakjarni í þjónustuflokki II fyrir geðfatlaða einstaklinga sem á að vera í Árskógum 5-7 og kemur til framkvæmda árið 2021, verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir.

Að íbúðakjarni í þjónustuflokki III fyrir geðfatlaða einstaklinga sem á að vera í Hagaseli 23 og kemur til framkvæmda í árslok 2021, verði breytt í íbúðakjarna í þjónustuflokki II fyrir einstaklinga með þroskahömlun og skyldar raskanir.

Breytingin kostar um 41 m.kr. á ársgrundvelli sem ekki er gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun velferðarsviðs fyrir árið 2021. Viðbótarkostnaður ræðst af því hvenær á árinu 2021 verður unnt að taka íbúðakjarnann að Árskógum í notkun.“

Samkvæmt framgreindu er óskað eftir 20 m.kr. á árinu 2021 í viðbótarkostnað vegna breytinganna en ráðgert er að íbúðakjarninn að Árskógum 5-7 verði tilbúinn í apríl á næsta ári. Íbúðakjarninn að Hagaseli verður tekinn í notkun á árinu 2022 og er óskað eftir 41 m.kr. í viðbótarkostnað á því ári fyrir báða íbúðakjarnana sem og á ársgrundvelli eftir árið 2022. Áætlaður kostnaður vegna íbúðakjarna í þjónustuflokki II er um 117 m.kr. á ári en íbúðakjarni í sama þjónustuflokki fyrir geðfatlaða er um 86 m.kr. og í þjónustuflokki III um 108 m.kr. Viðbótarkostnaður vegna breytinga yrði því um 41 m.kr. á ársgrundvelli.

Í greinargerð með tillögunni er tilgreint að 137 einstaklingar með ýmsar tegundir fötlunar séu á biðlista eftir búsetuúrræði en þörfin er ríkari á meðal þeirra sem eru með þroskahömlun og skyldar raskanir heldur en hjá geðfötluðum einstaklingum. Þá kemur fram að meiri hreyfing og tíðari flutningur sé á búsetu meðal einstaklinga með geðfötlun en meðal fólks með þroskahömlun. Geðfatlaðir einstaklingar geti náð bata en þroskahömlun sé varanlegt ástand. Í júní 2020 voru 30 einstaklingar með þroskahömlun og skyldar raskanir á biðlista eftir íbúðakjarna í þjónustuflokki II en hluti þeirra, 18 ára og eldri, búa í skammtímadvöl fyrir fötluð börn. Með breytingu á uppbyggingaráætlun væri hægt að

leysa þann brýna húsnæðisvanda sem liggur fyrir og tryggja um leið fleiri börnum aðgangi að þjónustu í skammtímadvöl.

Fjármála- og áhættustýringarsvið mælir með því að tillaga sviðsstjóra velferðarsviðs verði samþykkt og gerður verði viðauki við fjárhagsáætlun á árinu 2021 þegar íbúðakjarninn í Ársskógum verður tekinn í notkun og viðbótarkostnaður fjármagnaður af liðnum ófyrirséð. Sömuleiðis verði tekið mið af breytingunni við gerð fjárhagsáætlunar árið 2022.

Halldóra Káradóttir,
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs